



18. janúar 2021

## Efni: Uppfærð Rannsóknaráætlun 2020-2022 um gagnaöflun og rannsóknir í ferðaþjónustu

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR) birti 07.01.2021 drög að uppfærðri rannsóknaráætlun Ferðamálastofu (FMST) í Samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 4/2021. Uppfærð Rannsóknaráætlun FMST byggir á reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020.

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) hafa yfirfarið drögin og vilja koma nokkrum ábendingum á framfæri.

Samtökin, líkt og í fyrri umsögn um sama mál, fagna tilkomu Rannsóknaráætlunar FMS 2020-2022 enda hafa Samtök ferðaþjónustu um langt árabil lagt áherslu á markvissar rannsóknir og greiningar á íslenski ferðaþjónustu. Í þessu samhengi inniheldur Jafnvægisás ágæta mælikvarða en þeir geta að mati SAF ekki túlkast sem forsenda allra rannsókna.

Samtökin lýsa yfir miklum vonbrigðum með að tillit hafi ekki verið tekið til þeirra ábendinga sem samtökin hafa áður lagt áherslu á, bæði í gegnum fulltrúa SAF í starfshóp við undirbúning rannsóknaráætlunar og umsögnum um fyrirbyggjandi áætlun. Þá telja samtökin grunnforsendur gagnaöflunar vera rangar og að gera þurfi breytingar á reglugerð, um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020, til að framkvæmd rannsóknaráætlunar um gagnaöflun og rannsóknir skili tilætluðum árangri fyrir Ísland sem heild og einnig mismunandi markaðssvæði landsins allt niður á einstök sveitarfélög.

SAF telja afar mikilvægt að neðangreind áhersluatriði verði tekin til nánari skoðunar og þeim bætt við rannsóknaráætlun eftir því sem við á. Samtökin skora á stjórnvöld að leggja til breytingar á reglugerð nr. 20/202, til þess að gera framkvæmd rannsókna og gagnaöflunar einfaldari og skýrari.

## Alþjóðlegir staðlar og reglur:

Í janúar 2020 tók gildi reglugerð um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála nr. 20/2020. Samkvæmt 5. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um rannsóknaráætlun kemur fram; „...skal [Ferðamálastofa] móta og láta framkvæma rannsóknaráætlun á grunni **Jafnvægisáss ferðamála og stefnumótunar stjórnvalda**“.

Samtökin lýsa yfir miklum vonbrigðum með að ekki sé búið að breyta reglugerðinni um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála og aðlaga hana í samræmi við alþjóðlega staðla. Augljóst er að reglugerðin þrengir að möguleikum Ferðamálstofu til að fylgja alþjóðlegum stöðlum og reglum og mikilvægt er að bæta við ákvæðum um notkun þeirra.

Ísland er aðili að margvíslegum alþjóðlegum samningum og samstarfi. Helsti ávinningur aðildar að alþjóðlegu samstarfi er samvinna um notkun samræmdra staðla, þróun hugtaka og aðferða við gagnaöflun og rannsóknir ekki síst til að meta stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er kveðið á um samvinnu á hinum ýmsu sviðum s.s. rannsóknum, tölfræði, í umhverfismálum, mennta- og menningarmálum og ferðamálum. Samstarf EES nær jafnframt til virks samstarfs við margar fjölþjóðlegar lykilstofnanir. Þannig á Ísland aðild að [ferðamálanefnd efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD](#) (OECD Tourism Committee) en hlutverk hennar er að vera leiðbeinandi um að bæta þekkingu og skilning á þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu á breiðum grunni. OECD birtir með reglubundnum hætti tölur og upplýsingar um ferðamál í ritinu Tourism Trends and Policies í samræmi við alþjóðlega staðla sem ætlað er að gefa heildarmynd af ferðaþjónustu landa.

Sem dæmi benda SAF á eftirfarandi alþjóðlegar leiðbeiningar til gagnaöflunar:

- International Recommendations for Tourism Statistics 2008, UN/UNWTO, [http://unstats.un.org/unsd/publication/SeriesM/seriesm\\_83rev1e.pdf](http://unstats.un.org/unsd/publication/SeriesM/seriesm_83rev1e.pdf).
- Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework 2008, UN/UNWTO/EUROSTAT/OECD, [http://unstats.un.org/unsd/publication/Seriesf/SeriesF\\_80rev1e.pdf](http://unstats.un.org/unsd/publication/Seriesf/SeriesF_80rev1e.pdf).
- Sixth Edition of the IMF's Balance of Payments and International Investment Position Manual 2010 IMF <http://www.imf.org/external/pubs/ft/bop/2007/bopman6.htm>.

Íslensk ferðaþjónusta er í alþjóðlegri samkeppni við aðra áfangastaði sem undirstrikar mikilvægi þess að tekið sé mið af alþjóðlegum stöðlum og reglum þegar kemur að gagnasöfnun og rannsóknum á greininni. Það er augljóst að samanburðarhæf gögn eru eini möguleiki áfangastaðarins til að bera sig saman við samkeppnisaðila. Í því samhengi vilja SAF ítreka mikilvægi þess að íslenskar ríkisstofnanir og

rannsóknaraðilar auki samstarf og samvinnu í þeim tilgangi að ná góðri yfirsýn yfir greinina.

### Verkefni Rannsóknaráætlunar 2020 - 2022:

Mörg þeirra verkefna sem fram koma í rannsóknaráætlun FMST hafa verið lengi í vinnslu hjá stofnuninni og ná yfir nokkuð breytt svið. Þar má nefna talningu á fjölda erlendra ferðamanna. SAF telja afar mikilvægt að styrkja fræðilegan grundvöll á „talningu“ erlendra ferðamanna.

Aðgerðir á landamærum í tengslum við COVID-19 hafa staðfest það sem flestir vissu að þeir sem fara/koma frá landinu eru strangt til tekið ekki „allir ferðamenn“, ef tekið er mið af ofangreindum alþjóðlegum tilmælum um tölfræði á sviði ferðamála (e. International Recommendation for Tourism Statistics 2008 (IRTS 2008)). Aukin samvinna við ISAVIA ohf., gæti aukið skilvirkni og þróun á verkefninu.

Villandi umræða um erlenda ferðamenn og ferðaþjónustu á tíma COVID-19 faraldurs hefur sýnt það að það er gríðarlega mikilvægt að halda fast í alþjóðleg tilmæli um tölfræði á sviði ferðamála og á sama tíma að fræða almenning um þau hugtök sem eru notuð í slíkri tölfræði. Þannig hefur til að mynda daglega verið rætt um fjölda ferðamanna í landamæraskimum þrátt fyrir að flestir þeir sem ferðist til landsins falli ekki undir skilgreiningu á ferðamanni.

Sennilega eru nokkuð margir með erlent ríkisfang/vegabréf en með íslenska kennitölu/resident að stunda „launaða vinnu hér á landi“ og falla þá ekki undir skilgreiningu á ferðamanni. Það gera heldur ekki sjálfstengifarþegar sem eru á leið til annarra „áfangastaða“ með millilendingu á Íslandi. Úr þessu þarf að bæta.

Í fyrri umsögn SAF um sama efni, dags. 9. júlí 2020, þá draga verkefni rannsóknaráætlunarinnar ekki fram heildarmynd af umfangi ferðaþjónustu hér á landi. Verkefni eins og heildstætt spákerfi og þjóðhagslíkan fyrir ferðaþjónustu kallar á samræmdar tímaraðir úr þjóðhagsreikningum, heildræna nálgun, alþjóðlega forskrift/ramma yfir mælingar og mælikvarða á þýðingamiklum þáttum ferðaþjónustu.

Tenging rannsóknaráætlunar við þjóðhagsreikninga, ferðaþjónustureikninga, er grundvallaratriði gagnaöflunar og rannsókna. Það dregur fram samspil atvinnugreinarinnar við aðrar atvinnugreinar og þar með þýðingamiklar lykilstærðir þar má nefna einkaneyslu, fjárfestingu, starfsemi hins opinbera, utanríkisviðskipti, raungengi, samkeppnisstöðu og vinnumarkað ásamt ráðstöfunartekjum og almennum lífskjörum. Síðast en ekki síst næst tenging við aðra mikilvæga reikninga, svokallaða umhverfisreikninga (e. System of Environmental Economic Accounting – SEEA) og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Það gefur fyrirheit um að með tíð og tíma teiknist upp heildarmynd af ferðaþjónustu hér á landi og samspil hennar við aðra mikilvæga þætti samfélagsins.

Þá þarf að huga að mikilvægi þess að við vinnslu á niðurstöðum, t.a.m. úr Landamæraökönun, um útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi sé tekið mið af grundvallarreglum greiðslujafnaðar. Aukið samstarf við aðrar opinberar stofnanir og fræðasamfélagið er mikilvæg leið til að auka skilvirkni í gagnasöfnun og

rannsóknnum. Þannig mætti til að mynda horfa til þess að fella saman Landamærakönnun og rannsókn á ferðahegðun erlendra gesta og vinna í nánara samstarfi við markaðsstofur landshlutana og sveitafélögin til að fá betri gögn flokkuð niður á landshluta.

Það er sérstaklega mikilvægt að til verði samfelldar alþjóðlega samanburðarhæfar tímaraðir á þýðingamiklum þáttum ferðaþjónustu, á tölvutæku formi til framtíðar.

Samtökin lýsa sig reiðubúin að taka þátt í umræðum og vinnu við að koma ofangreindum ábendingum í tilætlaðan farveg og áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar

A handwritten signature in blue ink, reading 'Jóhannes Þór Skúlason'.

*Jóhannes Þór Skúlason*

*framkvæmdastjóri*